

D ó m s o r ð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Eysteinn Georgsson, greiði stefndu, Margréti Völu Grétarsdóttur, 40.000 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1980.

Nr. 88/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Karli Börlös Jensen Árnasyni

(Jóhann Þórðarson hdl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi í máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða, en einnig til þyngingar af hálfu ákærvalds. Við munnlegan flutning málsins var þó fallið frá áfrýjun að þessu leyti af hálfu ákærvalds og þess krafist, að ákærði yrði sakfelldur samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem í ákæruskjali greinir, öðrum en 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og staðfest yrðu ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða svo og um greiðslu sakarkostnaðar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Baldur Gíslason rafvirki, Sóleyjargötu 8 á Akranesi, gefið skýrslu fyrir sakaðómi Reykjavíkur, en hann var farþegi í bifreiðinni R 45167. Skýrði hann svo frá, að ökumaðurinn, Sigurður Rúnar Jakobsson, hefði stöðvað bifreiðina við umferðarljós á gatnamótum Laugavegar og Nóatúns. Hafi ökumaðurinn beygt

suður Nóatún, er grænt ljós kviknaði á götuvitanum, og hafi hann ekki ekið hratt upp brekkuna. Þegar bifreiðin hafi átt skammt eftir að öðrum gatnamótum ofan Laugavegar, hafi birst bifreið á leið vestur yfir gatnamótin og rétt á eftir hafi bifreiðarnar skollið saman.

Einnig hefur komið fyrir sakadóm Hörður Jóhannesson lögreglumaður, sem kom á vettvang eftir áreksturinn. Staðfesti hann lögregluskýrslu, er hann gaf af því tilefni, og gat þess, að hemlaför bifreiðarinnar R 45167 hefðu verið mæld nákvæmlega af tveimur lögreglumönnum, þar sem þau þóttu óeðlilega löng.

Telja verður, að með akstri sínum um gatnamót Skipholts og Nóatúns hafi ákærði brotið 1. mgr. 37. gr. og niðurlagsákvaði 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem beitt verður með skírskotun til 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Karl Börlös Jensen Árnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, 80.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. júní 1978.

Ár 1978, föstudaginn 16. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 287/1978: Ákærvaldið gegn Karli Börlös Jensen Árnasyni, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. maí f. á., á hendur ákærða, „Karli Börlös Jensen Árnasyni glerslípunarmeistara, Tunguvegi 86, Reykjavík, fæddum 24. febrúar 1923 á Ísafirði.

Ákærða er gefið að sök að hafa fimmtudaginn 10. júní 1976 ekið bifreiðinni R 39092 af Skipholti inn á gatnamót Nóatúns til norðvesturs án nægjanlegrar aðgæslu og í trássi við stöðvunarskyldumerki, sem þar er, með þeim afleiðingum, að árekstur varð með bifreið ákærða og bifreiðinni R 45167, sem ekið var eftir Nóatúni til suðvesturs.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 10. júní 1976, klukkan 1313, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um umferðarslys á Nóatúni við Skipholt. Tveir lögreglumenn fóru á vettvang, og gerði annar þeirra skýrslu um afskipti lögreglunnar af málinu, en hinn gerði vettvangsuppdrátt.

Samkvæmt lögregluskýrslunni hafði þarna orðið árekstur milli fólksbifreiðanna R 39092, af Austin gerð, og R 45167, af Dodge gerð. Hafði bifreiðin R 39092 ekið vestur Skipholt áleiðis yfir gatnamót Nóatúns, en bifreiðin R 45167 ók suður Nóatún. Á Skipholti við Nóatún eru stöðvunarskyldumerki fyrir umferð um Skipholt yfir eða inn á Nóatún.

Bifreiðin R 39092 hafði kastast til hliðar við áreksturinn og lent á stöðvunarskyldumerki vestan gatnamótanna, og var bifreiðin það mikið skemmd, að hún var flutt af staðnum með björgunarbifreið. Var öll hægri hlið bifreiðarinnar og toppur dældað. Einnig var skemmd á vinstra framhorni eftir höggið við að lenda á umferðarmerkinu.

Þær voru helstar skemmdir á bifreiðinni R 45167, að grillið að framan dældaðist svo og vélarhúsið, og framhöggvarinn skekktist.

Ökumaður bifreiðarinnar R 39092 var ákærði, Karl Börlös Jensen Árnason, og var hann fluttur á brott af staðnum, vegna meiðsla, í sjúkrabifreið.

Ökumaður bifreiðarinnar R 45167 kvaðst hafa ekið bifreið sinni suður Nóatún og ekið á u. þ. b. 45 km hraða. Hann kvaðst hafa séð til ferða hinnar bifreiðarinnar, en þar sem henni var

ekið rólega, kvaðst hann hafa talið víst, að ökumaður hennar hefði séð til sín og ætlað sér að stöðva á milli umferðareyjanna. Þegar hann hefði ekki gert það, heldur haldið áfram akstri þvert í veg fyrir bifreiðina, hafi hann reynt að koma í veg fyrir árekstur með því að hemla bifreið sinni, en það hefði ekki nægt til og hefði hún skolið á bifreiðinni R 39092.

Hemlaför á vettvangi voru nálægt 20 metrum upp í móti eftir bifreiðina R 45167.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi greint sinn ekið bifreiðinni R 39092 vestur Skipholt og ætlaði þvert yfir Nóatúnið. Hann stöðvaði bifreiðina austan gatnamótanna og ók síðan af stað aftur, þegar hann sá enga bifreið koma eftir Nóatúni. Ekki stöðvaði ákærði við eyjuna, sem skilur götuna í sundur, heldur hélt áfram áleiðis yfir miðju götunnar. Heyrði hann þá í bifreið hægra megin við sig og leit þá þangað og sá bifreið koma á ofsafærð upp götuna. Ákærði hemlaði þá þegar í von um, að það nægði til þess að bifreiðin gæti beygt fyrir framan hann eða aftan, en það gerðist ekki, og ók bifreiðin beint inn í hægri hlið bifreiðar ákærða, sem við höggið kastaðist á umferðarmerki suðvestan gatnamótanna.

Ákærði komst ekki út úr bifreiðinni og sat í bifreiðinni, þar til sjúkraliðsmenn komu og fluttu hann á slysadeild Borgarspítalans. Þar kom í ljós, að ákærði var brotinn á vinstra framhandlegg, rifbein voru brotin hægra megin, ákærði marinn innvortis, og einnig hafði ákærði meiðst á vinstri fæti.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna.

Vitnið Sigurður Rúnar Jakobsson tæknimaður, Bólstaðarhlíð 34 í Reykjavík, ók bifreiðinni R 45167. Það kvaðst fyrst hafa séð ákærða, þegar hann var kominn hálfa leið yfir eystri akrein Nóatúns og á leið yfir á akreinina, sem vitnið ók yfir. Vitnið hafði ekki aðstöðu til þess að sjá, hvort ákærði hafði eitthvað sinnt stöðvunarskyldu sinni við Nóatún.

Vitnið lauk sínum þætti málsins með dómssátt og hlaut 20.000 kr. sekt fyrir gálausan akstur í þetta skipti.

Vitnið heldur fast við það, að það hafi ekki ekið nema á 45 km hraða í þetta skipti, enda þótt það viðurkenni, að gögn málsins bendi til þess, að hraðinn hafi verið meiri.

Vitnið Alda Gísladóttir húsmóðir, Miklubraut 60 í Reykjavík, ók á eftir ákærða vestur Skipholt fimmtudaginn 10. júní 1976, og stönsuðu þau bæði við Nóatúnið vegna umferðar um þá götu. Vitnið sá síðan ákærða aka inn í Nóatúnið áleiðis beint yfir göt-

una. Um leið ók vitnið áfram að gatnamótunum og stansaði til að huga að umferð um Nóatún. Þegar vitnið var búið að því og hafði ekki séð neina umferð eftir Nóatúni, leit það fram fyrir sig aftur og var í þann veginn að aka yfir eystri akbraut Nóa-túns áleiðis yfir götuna, þegar það heyrði skell og sá bifreið ákærða og aðra bifreið, sem kom upp Nóatún, rekast saman. Ekki hafði vitnið séð bifreiðina, sem kom upp Nóatúnið, fyrr en hún var að skella á bifreið ákærða.

Vitnið Hallur Vilhjálmsson ljósmyndaframkallari, Lækjarkinn 4 í Hafnarfirði, sá áreksturinn, en þá var það statt á göngu suður vestari gangstétt Nóatúns. Fyrst heyrði vitnið mikið vélarhljóð að baki sér upp götuna. Var eins og verið væri að gefa bifreið inn. Vitnið leit við og sá þá stóra ameríska fólksbifreið koma upp götuna á nokkuð mikilli ferð, en ekki treystir vitnið sér til að tiltaka hraðann í km. Um leið sá vitnið fyrir framan sig litla fólksbifreið á leið norður yfir Skipholt (sic), og var hún stödd fyrir endanum á umferðareyjunni, þegar vitnið sá hana fyrst. Vitnið telur, að bifreiðin hafi ekki stöðvað, áður en hún hélt áfram inn á vestari hluta Nóatúns í veg fyrir stóru bifreiðina. Vitnið sá bifreiðarnar síðan skella saman með miklum gný.

Vitnið Arnþór Þórðarson bifreiðaeftirlitsmaður, Stigahlíð 41 í Reykjavík, skoðaði báðar bifreiðarnar eftir áreksturinn, og hefur vitnið staðfest fyrir dóminum skýrslur, sem það gerði af þessu tilefni.

Í skýrslu vitnisins segir svo um skoðun á bifreiðinni R 39092: „Við skoðun og reynslu í akstri kom í ljós, að bifreiðin var öökufær eftir óhappið. Hjólbarðar á sumarmynstri í lagi. Rúður hreinar. Hemlafetill eðlilegur við ástig í kyrrstöðu. Annar öryggisbúnaður hafði útlit fyrir, að hann hefði verið í lagi fyrir áreksturinn. Bifreiðin óskoðuð 1976, enda ekki komið að henni í númeraröðinni þetta ár. Bifreiðin R 39092 er Austin Mini fólksbifreið, árgerð 1974, með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði.“

Um skoðun vitnisins á bifreiðinni R 45167 segir svo í skýrslu þess:

„Við skoðun og reynslu í akstri kom í ljós, að bifreiðin var í lagi. Hjólbarðar á sumarmynstri óslitnir. Rúður hreinar. Ljós og öryggistæki voru í lagi. Vélarhlíf og aðalljósabúnaður hafði skekkst við óhappið. Notkun bönnuð á bifreiðinni fram yfir viðgerð. Bifreiðin var síðast skoðuð 9. 6. 1976 og var þá í lagi. Hjólbarðar voru breiðir. Bifreiðin R 45167 er Dodge Challenger

fólksbifreið, árgerð 1970, með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði.“

Vitnið Rúnar Sigurðsson lögreglumaður, Bakkaseli 13 í Reykjavík, gerði uppdráttinn af vettvangi, og hefur vitnið staðfest hann fyrir dóminum, svo og hefur vitnið staðfest, að það hafi sjálft mælt hemlaförin á vettvangi eftir bifreiðina R 45167.

Að beiðni ákærða fór fram endurprófun á hemlum og hemlunarvegalengd bifreiðarinnar R 45167. Fór þessi prófun fram 24. september 1976, og stóðu að henni vitnið Arnþór og starfsbróðir þess, Hreinn Mýrdal Björnsson, Jörfabakka 24 í Reykjavík.

Bifreiðaeftirlitsmennirnir gerðu sameiginlega skýrslu um þessa skoðun, og hafa báðir staðfest hana fyrir dóminum. Í skýrslu þeirra kemur fram, að við skoðun og reynslu í akstri hafi komið í ljós, að bifreiðin dró ekki framhjól við prófun á Nóatúni í 8° halla upp á við. Við þær aðstæður, er míluhraðamælir bifreiðarinnar sýndi 40 mílur, voru hemlaför 14.10. Eftir að hafa slegið í hemlaöryggi virkuðu hemlar að framan, og fóru eftirlitsmennirnir þá ásamt lögreglumanni á athafnasvæði SVR við Kirkjusand og radarprófuðu bifreiðina á malbiki. Kom þá í ljós, að við 40 mílur var aflestur radars 60 km. Við næstum þurrar aðstæður á sléttu malbiki reyndust hemlaför 9 metrar á 30 mílum = 44 km. Í halla svipuðum og í Nóatúni reyndust þau rúmir 8 metrar. Við hraðaprófunina var bifreiðin búin sömu hjólbörðum og þegar áreksturinn varð.

Leitt er í ljós, að ákærði stöðvaði bifreið sína í Skipholti við Nóatún austan gatnamótanna og hugaði að umferð um Nóatún, áður en hann ók inn í Nóatún áleiðis vestur yfir gatnamótin. Þar sem ákærði ók yfir götu, sem er skipt í tvennt á gatnamótunum með umferðareyjum, bar ákærða að sýna mikla aðgát, og leysti það hann ekki undan þeirri skyldu, þótt hann hefði stöðvað bifreiðina austan gatnamótanna. Verður að telja sannað, að ákærði hafi ekki sýnt næga varkárni, þegar hann ók yfir miðju götunnar áleiðis yfir vestari hluta hennar. Hefði hann gert það, hefði hann hlotið að sjá með hæfilegum fyrirvara bifreið þá, sem kom upp götuna, og það, enda þótt henni hefði verið ekið óhæfilega hratt. Verður því að telja sannað, að ákærði sé sekur um að hafa ekið bifreið sinni inn á gatnamótin án nægjanlegrar aðgæslu og varkárni, sem stöðvunarskyldu fylgja. Varðar brot ákærða við 48. gr. umferðarlaga, og tæmir hún sök ákærða. Eiga því ákvæði 1. mgr. 26. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga ekki við um brot hans.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Ákærði hefur með broti sínu unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 2 daga.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Börlös Jensen Árnason, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 2 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur.

Fimmtudaginn 7. febrúar 1980.

Nr. 101/1979. **Gunnvör Rögnvaldsdóttir**

gegn

Sveinbirni Kristjánssyni og

Guðrúnu Sigurðardóttur.

Synjað um frest. Mál fellt niður.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Er mál þetta kom fyrir dóm 1. þ. m., óskaði áfrýjandi eftir fresti til marsmánaðar.

Stefndu synjuðu um frestinn og kröfðust þess, að málið